

Söngur gamla garðyrkjumannsins

Texti: Allan Hond'e

Stæling: Margrét Ólafsdóttir

Ott Wieling



Þegar lít ég björtu blómin, bernsku----minning sæk-ir
á. Sé ég gjörl-a góðan öldung, garðinn heima fegra
þá. Finnst mér sem að ennþá óm--i, yndis-----fögurum djúpum
róm-i, ald-ins vin-ar eig-ið lag, er hann söng með gleð-i-
brag: Takt-u bros og söng og sólskin, sáð--u öllu' í huga
þinn. Gerðu' að há-tíð grá-an dag og gleði' og ljós-i hleyptu inn.

Var sem kveiktu vor í beði
verkin þessa gamla manns,
Fuglar, hátt í toppum trjána
tóku undir sönginn hans.
Bernskan líka, stelpustýri,
stöðugt var sem ævintýri,
dægrin voru ljós og löng,
lítil telpa' af gleði söng;

Taktu bros og söng og sólskin
sáðu öllu' í huga þinn.
Gerðu' að hátið gráan dag
og gleði' og ljósi hleyptu inn.

Þegar tárin vanga væta
vakna kviði' í huga fer
oft ég hugsa' um, horfni vinur,
heilræðið sem gafstu mér. -
"Söngurinn hann sælu vekur,
sorgir allar burtu rekur" -
og það finn ég enn í dag
er ég raula þennan brag;

Taktu bros og söng og sólskin
sáðu öllu' í huga þinn.
Gerðu' að hátið gráan dag
og gleði' og ljósi hleyptu inn.